

Tillaga

Til: Borgarráð

Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efni: Tillaga um framhaldsaðgerðum á frestun á þremur gjalddögum fasteignagjalda vegna ársins 2020

Lagt er til að heimild verði veitt til að fresta þremur gjalddögum fasteignagjalda vegna ársins 2020 sem frestað var til 15. janúar 2021 til 15. júní, 15. júlí og 15. ágúst 2021 í samræmi við lög um breytingu á ýmsum lögum til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru, nr. 25/2020.

Greinargerð

Í X. kafla laga nr. 25/2020 er fjallað um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

Við lögin bættist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir 4. mgr. 4. gr. er gjaldendum fasteignaskatta skv. c-lið 3. mgr. 3. gr. sem eiga við tímabundna rekstrarörðugleika að stríða vegna tekjufalls heimilt að óska eftir frestun á allt að þremur greiðslum fasteignaskatts sem eru á gjalddaga 1. apríl 2020 til og með 1. desember 2020, með sömu skilyrðum og málsmeðferðarreglum og kveðið er á um í ákvæði til bráðabirgða VII í lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987. Gjalddagi og eindagi greiðslna sem frestun tekur réttilega til er 15. janúar 2021.

Verði gjaldandi sem frestað hefur greiðslum skv. 1. mgr., að uppfylltum skilyrðum fyrir miklu tekjufalli á rekstrarárinu 2020 samanborið við fyrra rekstrarár getur hann óskað eftir auknum fresti og dreifingu greiðslna sem hefur verið frestað fram til 15. dags mánaðanna júní, júlí og ágúst 2021. Ósk um aukinn frest og greiðsludreifingu skal gjaldandinn beina til sveitarfélags fyrir 15. janúar 2021.

Borgarráð samþykkti þann 26. mars 2020 að heimila frestun á þremur gjalddögum fasteignagjalda, skv. ákveðnum skilyrðum, til 15. janúar 2021 en borgarráð fjallaði ekki um seinna heimildarákvæðið sem bættist við lögina nr. 25/2020 vegna laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

Alls óskuðu 72 rekstraraðilar eftir frestun og hún samþykkt á 321 fastanúmeri og að fjárhæð rétt tæplega 444 m.kr. Þessi gjöld eru á gjalddaga og eindaga nú 15. janúar 2021.

Nú er lagt til að borgarráð samþykki að veita heimild til að fresta þessum gjalddögum fasteignagjalda sem eru á gjalddaga 15. janúar nk. í samræmi við seinna heimildarákvæðið sem bætt var, til bráðabirgða, við lög nr. 4/1995. Skilyrði aukins frests og greiðsludreifingar eru að rekstraraðili hafi orðið fyrir miklu tekjufalli á öllu árinu 2020. Að jafnaði teljist tekjufall vera mikið ef tekjur af reglulegri starfsemi ársins 2020 nemi **helmingi eða minna** af sams konar tekjum ársins 2019.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.